

Tillaga að samþykktabreytingum á ársfundum Gildis-lífeyrissjóðs 27. apríl 2023

Tillaga til breytinga á grein 9.12. Greinin orðist þannig, undirstrikað það sem kemur nýtt inn, yfirstrikað það sem fellur út:

Framlagi hvers árs til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða, sbr. 18. gr. laga nr. 113/1990 um tryggingagjald, skal ráðstafa í samræmi við ákvæði 19. gr. reglugerðar nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða þannig að ávinnsla nýrra réttinda og lífeyrir vegna geymdra réttinda hækki á komandi ári ~~um sama hundraðshluta~~ eins og nánar er tilgreint hér:

a. Auka skal réttindainnvinnslu sjóðfélaga sem nemur ~~3,6%~~ 4,0% iðgjalda þeirra. Réttindi skv. ákvæði þessu reiknast að fullu skv. reglum um aldursháða ávinnslu. Þessi réttindi skal auðkenna sérstaklega í réttindabókhalda sjóðsins og veita þau ekki rétt til framreiknings.

b. Greiða skal viðbótarlífeyri til lífeyrisþega annarra en barnalífeyrisþega sem nemur ~~3,0%~~ 4% af lífeyri þeirra. Viðbótarlífeyririnn greiðist mánaðarlega eins og annar lífeyrir. Þessi viðbótarlífeyrir skal merktur sérstaklega í réttindabókhalda sjóðsins.

Framangreint framlag til aukningar réttindaávinnslu og lífeyrisgreiðslna skulu hverju sinni að hámarki nema örorkuframlagi ársins. Tryggingastærðfræðingur sjóðsins skal árlega meta skuldbindingar sjóðsins skv. framangreindri reglu miðað við örorkuframlag ársins og vænt iðgjöld og lífeyrisgreiðslur á komandi ári og gera tillögu um breytingu á hundraðshluta viðbótarávinnslu og lífeyris, gefi matið til þess tilefni. Skal sjóðsstjórn þá leggja tillögur að breytingum samþykktu lífeyrissjóðsins fyrir ársfund hans svo tryggt sé að örorkuframlagið dugi fyrir skuldbindingum skv. a. og b. lið hér að framan.

Greinargerð með breytingatillögu:

Samkvæmt 2. mgr. greinar 9.12. í samþykktum sjóðsins skal tryggingastærðfræðingur sjóðsins árlega meta skuldbindingar sjóðsins skv. reglu 9.12. miðað við örorkuframlag ársins og vænt iðgjöld og lífeyrisgreiðslur á komandi ári og gera tillögu um breytingu á hundraðshluta viðbótarávinnslu og lífeyris, gefi matið tilefni til þess. Skal sjóðsstjórn þá leggja tillögur að breytingum á samþykktum sjóðsins fyrir ársfund svo tryggt sé að örorkuframlagið dugi fyrir skuldbindingum hans.

Að óbreyttum samþykktum er áætlaður halli 14% m.v. 4,0% iðgjalda- og lífeyrishækkunar. Leggur tryggingastærðfræðingur sjóðsins því til að réttindaávinnsla vegna iðgjalda hækki um 3,6% og viðbótargreiðslur lífeyris hækki um 3% frá og með næstu áramótum. Áætluð staða framlagsins á þessu ári miðað við framangreinda breytingu væri 4,4%.

Framangreindar iðgjalda- og lífeyrishækkunar komu inn í samþykktirnar árið 2011 og höfðu lífeyrisþegar þá ekki fengið viðbótarréttindi á sín iðgjöld og var því talið sanngirnismál að veita þeim sömu hlutfallslegu hækkun á lífeyrisgreiðslur. Með hverju árinu sem líður hefur stærri hluti lífeyrisþega áunnið sér viðbótarréttindi ofan á iðgjaldagreiðslur og eru því að fá tvöfalda hækkun á sinn lífeyri, þ.e. bæði vegna iðgjalda og lífeyris. Því leggur stjórn sjóðsins til, í samræmi við tillögur tryggingastærðfræðings sjóðsins, að lækka hlutfallslega viðbót lífeyrisþega til framtíðar. Breytingin yrði í skrefum til þess að lífeyrisþegar verði fyrir sem minnstum áhrifum lækkunarinnar. Áætlað er að ráðstöfun framlagsins til lífeyrishækkana lækki um 0,5% á ári þar til hún líður undir lok, með þeim fyrirvara að staða framlagsins skal ávallt vera í jafnvægi.